**Viðauki við samkomulag**

**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
**annars vegar**
**og**
**Iðjuþjálfafélag Íslands**
**hins vegar**
**um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**

**undirritað 6. júní 2011**

**1. gr.**

Frá 1. júní 2011 bætist við ný grein í kafla 8 er verði grein 8.1.6 og verður svohljóðandi:

8.1.6 Á heilbrigðisstofnunum þar sem þess er krafist, vegna sérstakra meðferðarúrræða, að starfsmaður noti eigin fatnað í stað vinnuslopps eða álíka hlífðarfatnaðar skv. gr. 8.2, er vinnuveitanda í stað þess heimilt að greiða starfsmanni sérstaka fatapeninga að upphæð 3.800 kr. á mánuði miðað við fullt starf í dagvinnu.

Greiðsla þessi skal breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingu fataliðar í vísitölu neysluverðs (031 Föt) með vísitölu maímánaðar 2011 sem grunnvísitölu (169,6 stig miðað við undirvísitölur frá 2008).

Reykjavík, 6. júní 2011

f.h. fjármálaráðherra með
fyrirvara um samþykki

f.h. Iðjuþjálfafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna